

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**773. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 3. desember 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Viðræður við slökkviliðsstjóra v/samninga um aðstoð og gagnkvæma aðstoð án endurgjalds..
2. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Reglur um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 201-2013.
4. Erindi kvenfélagsins Bjarkar
5. Erindi skíðadeildar Tindastóls..
6. Tjaldsvæðið í Kirkjuhvammi. Skýrsla leigutaka fyrir árið 2012.
7. Tilnefning fulltrúa í samráðsvettvang Sónarátlanar Norðurlands vestra.

### Afgreiðslur:

1. Slökkviliðsstjóri er mættur til fundar við byggðarráð. Lögð fram drög að samningi milli Hvammstangahafnar og slökkviliðs um viðbragð og framkvæmd mála vegna bráðamengunar á sjó og landi á starfssvæði hafnarinnar. Byggðarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi og felur sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra undirritun hans. Jafnframt eru lögð fram drög að samningum um gagnkvæma endurgjaldslausu aðstoð milli Brunavarna Húnaþings vestra annar vegar og Slökkviliðs Dalabyggðar, Slökkviliðs Borgarbyggðar, Slökkviliðs Strandabyggðar og Brunavarna Austur Húnavetninga hins vegar. Byggðarráð samþykkir framlögð drög að samningum og felur slökkviliðsstjóra undirritun þeirra. Slökkviliðsstjóri kynnti verð á slökkvibifreiðum sem hann hefur aflað að ósk byggðarráðs.
2. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23. nóvember s.l. Elín R. Línadal skírði einstaka liði fundargerðarinnar.
3. Lögð fram eftirfarandi tillaga að reglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2012-2013.  
„Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 70 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2012/2013:

Ákvæði reglugerðar nr. 628/2012 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 675/2009 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 628 frá 13. júlí 2012, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2012/2013. Skipting er eftirfarandi: 100% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði meðaltal landaðs afla í Hvammstangahöfn sl. þrjú fiskveiðiár í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár nú 2009/2010, 2010/2011 og 2011/2012.
- b) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 628/2012 er felld niður og því orðast 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 628/2012 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við tilmæli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. bréf dags. 19. október 2012, er horft til mögulegrar verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta og því að megintilgangur byggðakvótans sé að stuðla að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.
- b) Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
4. Lagt fram erindi kvenfélagsins Bjarkar dags. 27. nóv. s.l. beiðni um styrk vegna jólatrésskemmtunar fyrir börn. Byggðarráð samþykkir að styrkja kvenfélagið um kr. 65.000 til að halda jólatrésskemmtunina.
  5. Lagt fram erindi skíðadeildar Tindastóls dags 3. desember 2012, beiðni um styrk til uppbyggingar skíðasvæðis á Tindastóli. Byggðarráð sér ekki fært að verða við þessari beiðni.
  6. Lögð fram til kynningar skýrsla leigutaka tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi fyrir árið 2012.
  7. Lagt fram bréf SSNV dags 21. nóvember s.l. , þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í samráðsvettvang Sónaráætlunar Norðurlands vestra. Byggðarráð samþykkir að tilnefna Sigurbjörgu Jóhannesdóttur og Elínu Jónu Rósinberg sem fulltrúa Húnaþings vestra.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:40

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Stefán E. Böðvarsson

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúar:

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson.